**ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK**
**UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**
**10. FUNDUR.**

10. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra var haldin í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga mánudaginn 16. september. Íþrótta- og tómstundafulltrúi setur fundinn Kl. 15:48.
Mættir undirritaðir.

## Dagskrá.

1. Kynning á störfum ungmennaráðs.
2. Vettfangsferð 2013.
3. Kosning um formann og ritara.
4. Styrktarumsókn v/ferðar Æskulýðsfélags Hvammstangakirkju.
5. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti nýjum nefndarmönnum störf ungmennaráðs 2012 – 2013 og hverjar væntingar eru af nefndarmönnum í ungmennaráði Húnaþings vestra.
2. Rætt var um mögulega vettfangsferð til Þorlákshafnar til að sitja fund með ungmennaráði Ölfuss. Einngi var ræddur möguleikinn að fá Val Rafn Halldórsson til að koma norður og vera með kynningu á ungmennaráðum. Íþrótta- og tómstunda-fulltrúi setur sig í samband við Val Rafn og fer yfir stöðu málsins á næsta fundi.
3. Guðrún Helga Magnúsdóttir bauð sig aftur fram sem formaður og var hún samþykkt með 6 atkvæðum. Sara Ólafsdóttir bauð sig fram sem ritari og var hún samþykkt með 6 atkvæðum.
4. Rætt var um umsókn Æskulýðsfélags Hvammstangakirkju um styrk á lands-mótið í október. Ákveðið hefur verið að taka þennan lið fyrir aftur á næsta fund. Ástríður Halla mun kanna kostnað ungmenna í ferðina, söfnun þeirra og kynna á næsta fund. Guðrún Helga og Rannveig Erla véku af fundi við þessa afgreiðslu.
5. Ragnar Bragi taldi það nauðsynlegt að minna sveitastjórn á að taka fyrir stæk-kun þrektækjasals við næstu fjárhagsáætlunargerð og mun hann því senda þeim bréf. Ragnar Bragi mun einnig senda umhverfisfulltrúa bréf til að fá upplysingar um stöðu stöpulsinns sunnan félagsheimilisins á Hvammstanga.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 16:27

| | |
|---|---|
| Sara Ólafsdóttir | Guðrún Helga Magnúsdóttir. |
| Ragnar Bragi Ægisson | Ástríður Halla Reynisdóttir |
| Karólína Gunnarsdóttir<br>Íþrótta- og tómstundafulltrúi | Rannveig Erla Magnúsdóttir |
| Ómar Eyjólfsson | Emilía Dilljá Stefánsdóttir |